

Bréf til orþodox vinar.

Eftir Rev. STEPHEN PEEBLES.

Þú spyrð, hvort ég trúi Nýjateamentinu og kenningu þess.

Viðvíkjandi fyrri hluta spurningar þinnar get ég sagt, að ég hefi nokkur eintök af Nýjateamentinu, þar á meðal þrjár mismunandi þýðingar við hendina. Ég hefi lesið allar þessar þýðingar æði oft og borið þær saman; ég hefi kynt mér vandlega gagnrýni þeirra, sem mest og bezt hafa rannsakað Nýjateamentið, eftir því sem mér hefir verið unt að ná í rit þeirra; ég álit að það (Nýjateamentið) hafi verið til ómetanlegs gagns fyrir heiminn. Ef alt þetta bendir á að ég hafi trú á Nýjateamentinu, þá sannarlega hefi ég hana.

En ef þú hafðir annað í huga, þegar þú spurðir, hvort ég tryði Nýjateamentinu, ef þú vildir vita, hvort ég tryði því þannig, að ég léti það koma í staðinn fyrir mína eigin skynsemi og samvizku, þá vil ég segja, og leggja áherzlu á, að ég trúi því ekki á þann hátt. Og meira að segja, ég hefi svo litla trú í þeim skilningi, að ef ég héldi, að það væri nokkur hætt á, að ég mundi nokkurn tíma trúa að eitthvað væri satt og rétt, að eins vegna þess að Nýjateamentið segir að það sé satt og rétt, þá skyldi ég brenna hvert eintak, sem ég á af því, þrátt fyrir ánægjuna sem ég hefi haft af að lesa það, og aldrei framar lesa einn einasta kapítula í því. Því þó ég viðurkenni, að það sé ein sú þýðingarmesta bók, sem nokkurntíma hefir verið rituð, þá samt sem áður verður það smátt, þegar það er borið saman við jafnvel hina lítilmótlegustu mannsál; og ég væri heimskari en ég get ímyndað mér að ég sé, ef ég setti mína sál undir stjórn þess.

Hvað síðari hlutanum af spurningu þinni viðvíkur, þá býst ég við að þú viljir vita, hvort ég veiti viðtöku kenningu — eða öllu heldur kenningum, því þær eru margar — Nýjateamentisins. Í síðasta bréfi mínu sagði ég, að ég veitti viðtöku, og það